

64 Breiðabólstaðarprestakalli í landssjóð eins og hingað til, og að landssjóður svo aptur
18. apríl greiði Vestmannaeyjaprestakalli þær kr. 42,38, sem vantar á uppþótina.

B. Heydalaprestakall. Þær 300 kr., sem eiga að borgast af brauðinu á ári hverju greiðist á þann hátt, að Stöðvarprestakalli, sem á að fá 500 kr. úr landsjóði, verði lagðar út þessar jarðir:

1, *Randversstaðir* í Breiðdalshreppi, 12 hndr.; eptirgjald á ári kr. 131,10

2, *Brekkuborg* í sama hreppi, 8 hndr.; eptirgjald á ári . . . — 73,55

3, *Ós* í sama hreppi, 12 hndr.; eptirgjald á ári — 128,13

kr. 332,78

og að þær kr. 32,78, sem umfram eru, endurborgist Heydalaprestakalli af þeim 200 kr., sem Stöðvarprestakall á að fá í uppþót auk þessa.

Útaf þessu læt jeg eigi hjá líða, í sambandi við brjef mín til yðar 18. apríl, 3. júní, og 31. debr. 1887, að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg, samkvæmt heimild þeirri, sem mjer er veitt með konungsúrskurði 16. apríl 1887, samþykki hjer með tillögur yður, sem að ofan eru greindar undir staflíðnum A. og B., og jafn-þjónustusamlega skal jeg skora á yður, að gjöra þóknanlega ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru, til þess að framkvæma þetta, og vonast jeg eptir að fá skýrslu yðar um það á sínum tíma.

65

8. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um skipun aðalpóstvega í norður- og austuramtinu. — Eptir að mjer hafa borizt þar að lútandi tillögur hlutadeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í norður- og austuramtinu með þóknanlegum brjefum yðar, herra amtmaður, dags. 19. aprílm. og 9. júlí 1888, skal hjer með ákveðið, samkvæmt lögum um vegi 10. nóv. 1887, 6. gr., að aðalpóstleiðir skuli fyrst um sinn liggja um norður- og austuramtið, sem hjer segir:

A. Aðalpóstleið frá Reykjavík til Akureyrar.

1. Um Húnavatnssýslu:

Frá Hrutafjarðará fyrir sunnan og neðan Stað út með Hrutafirði að Þóroddstöðum; þaðan austur yfir Hrutafjarðarháls þveran að Miðfjarðará um Staðarbakka; þaðan austur yfir þveran Miðfjarðarháls um Selás og Galtarnes að Lækjamóti; þá um Miðhóp yfir Gljúfurá á Bjarmavaði til Skriðuvaðs, og þaðan yfir Axlarbala að Stóru Giljá. Vegurinn þaðan að sýslutakmörkum verður síðar ákveðinn.

2. Um Skagafjarðarsýslu:

Frá sýslumótum Húnavats- og Skagafjarðarsýslna við Arnarvatnslæk á Vatnsskarði ofan hjá Víðimýri, Húsey og Völlum, yfir Hjeraðsvötn, upp fyrir utan Minni Akra, fram Blönduhlíð og Norðurárdal, norður Öxnadalsheiði að Grjótá.

3. Um Eyjafjarðarsýslu:

Frá Grjótá á Öxnadalsheiði ofan í Öxnadal; eptir Öxnadal og Þelamörk, yfir Moldhaugnaháls frá Laugalandi til Glæsibæjar, og þaðan til Akureyrar.

Helmingur sýsluvegagjaldsins úr Húnavatnssýslu skal samkvæmt áður nefndum lögum 10. nóvbr. 1887, 3. gr. ganga til aðalpóstvega.

B. Aðalpóstleið frá Akureyri til Seyðisfjarðar.

1. Um Eyjafjarðarsýslu.

Frá Akureyri fram með Eyjafjarðará að Gilsferju og þar yfir ána; þaðan yfir brúna á Þverá upp á Vaðlaheiðarveginn að sýslutakmörkum.

2. Um Suður- og Norður-Þingjarsýslu:

Frá sýslutakmörkum eptir Vaðlaheiðarveginum yfir Vaðlaheiði að Hálsi í Fnjóskadal; þá um Ljósavatnsskarð yfir Skjálfandafljótsbrúna, yfir Fljótsheiði að Einarstöðum í Reykjadal, þaðan út Reykjadal að Grenjadarstöðum, og síðan fram Laxárdal, upp Hólasand að Reykjahlíð; þá yfir Mývatnsöræfi að Grímstöðum og yfir Biskupsháls að sýslutakmörkum.

3. Um Norðurmúlasýslu.

Frá sýslumótum á Biskupshálsi að Möðrudal; þaðan yfir Möðrudalsheiði að Sjöldólfstöðum; síðan út eptir Jökuldal að brúnni á Jökulsá, niður frá Fossvöllum, yfir Brúarháls fram hjá Bót í Hróarstungu, yfir Rangá að Ekkjufelli, austur yfir Lagarfljót að Höfða í Suðurmúlasýslu; þaðan yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

C. Aðalpóstleið frá Eskifirði til Reyjavíkur.

Um Suðurmúlasýslu.

Frá Eskifirði upp yfir Eskifjarðarheiði að Höfða á Völlum, þaðan upp austanvert við Grímsá hjá Arnhólsstöðum eptir Víðirgróf yfir Breiðdalsheiði hjá Ánastöðum, síðan suður yfir Berufjarðarskarð hjá Berufjarðar prestssetri, út með Berufirði sunnanverðum, að Djúpavogi. Þaðan suður um Hamarsfjörð og Álptafjörð að Starmýri og upp á Lónsheiði að takmörkum Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu.

Samkvæmt 3. grein laga 10. nóv. 1887 á helmingur sýsluvegagjaldsins úr Suðurmúlasýslu að ganga til aðalpóstvega.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk*. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 19. febr. þ. á. hafið 86
8. maí
þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu dags. 16. nóv. f. á. með tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem tjeð hreppsnefnd áfrýjar til mín úrskurði yðar frá 23. sept. f. á., er ákveður, að Seiluhreppur skuli endurgjalda sveitarsjóði Seyðisfjarðarhrepps 247 kr. 92 aura fyrir sveitarstyrk, er María nokkur Guðmundsdóttir, sem er viðurkennd sveitlæg í Seiluhreppi, hafði þegið af fyrnefndum sveitarsjóði. Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefur gefizt færi á að svara áfrýjunarskjalinu.

Um mál þetta skal það tekið fram, sem nú skal greina.

Upphafleg krafa Seyðisfjarðarhrepps til Seiluhrepps fyrir styrk til ofanefndrar Maríu var að upphæð 290 kr. 44 aur., sem sje fyrir ýmsar vörur og matvæli, er henni voru veitt ásamt Sigurbirni syni hennar frá 5. desbr. 1885 til 14. júní 1886, 88 kr. 24 aurar, (þar sem Sigurbjörn hafði endurborgað 44 krónur af 132 kr. 24 aurum, sem þeim mæðginum voru veittar alls á þessu tímabili), og auk þess sem fúlgu með Maríu frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887, 202 kr. 20 aurar. Síðan hefur ofanefnd hreppsnefnd fært fyrri lið kröfu sinnar niður í 66 krónur og 12 aura, með því að reikna Maríu helming ofan-